



Umhverfis- og orkumálaráðuneytið
Umhverfismálaráðherra

Nordiska rådet
Ved Stranden 18
1061 København K
Danmark

Svar við skriflegri fyrirspurn um súrnun sjávar E 2/2018

Þingmaður Norðurlandaráðs, Silja Dögg Gunnarsdóttir (F), beindi eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar 30. janúar 2018:

Hefur Norræna ráðherranefndin, eða norrænar stofnanir og samstarfsstofnanir, átt frumkvæði að norrænu rannsóknasamstarfi um súrnun sjávar, vistkerfi og mögulegar afleiðingar súrnunar sjávar á afkomu íbúa strandbyggða Norðurlanda?

Í norrænu samstarfi um umhverfis- og loftslagsmál er súrnun sjávar eitt þeirra málefna, sem eru nefnd í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfismálum árin 2013–2018 og eins hefur verið lögð áhersla á málið á sviði umhverfismála af vinnuhópnum um málefni hafsvæða, HAV. Til dæmis hefur HAV-hópurinn rætt eðli þróunar pH-gildis/sýrustigs í norðurhöfum, aukið þekkingu á áhrifum súrnunar sjávar á valdar tegundir og vistkerfi, stutt þróun eftirlitsaðgerða til þess að geta fylgst með áhrifum súrnunar sjávar með meiru. Sem dæmi um verkefni sem er lokið má nefna að HAV-hópurinn studdi tvö verkefni um súrnun sjávar árið 2017.

- Annað verkefnið var á vegum starfshóps Norðurskautsráðsins, AMAP, „Súrnun sjávar í norðurböfum - ábrif á vistkerfi sjávar og félagsþagfræðilegar afleiðingar“. AMAP hefur hafið náið samstarf við Alþjóðahafrannsóknaráðið, ICES, og OSPAR (samningur um verndun NA-Atlantshafsins) um samræmingu aðgerða gegn súrnun sjávar. Verkefnið leitaðist við að útvega upplýsingar um veikleika

ólíkra vistkerfa, og hjá ólíkum verðmætum tegundum, bæði vistfræðilegar og efnahagslegar.

AMAP mun ljúka og skila skýrslu um þá vinnu sem varðar súrnun sjávar á ráðstefnu CAFF, vinnuhóps Norðurskautsráðsins um verndun lífríkis á norðurslóðum, í október 2018 um fjölbreytileika lífríkis á norðurskautssvæðinu.

- Hitt var „*TRLACID (TREnd Indicators of ACIDification in marine waters) – Þróunarvísar til marks um súrnun sjávar*“. TRIACID-verkefnið greinir breytingar á sýrustigi á tveggja til þriggja áratuga tímabili og þróar vísu, sem sía út náttúrubundnar sveiflur. Þessar greiningar sýna lækkandi pH-gildi á undanförunum 20 árum en lækkunin hefur að hluta til verið milduð af sambærilega aukinni basavirkni. *TRLACID* hefur með gagnasafni komið á fót grunni til að rannsaka súrnun sjávar á hafsvæðum norðurslóða og hefur samið handrit um þróun vísu. Stefnuskjal er í vinnslu.

Með því að lýsa eftir og styðja ýmis verkefni um súrnun sjávar hefur Norræna ráðherranefndin með HAV-hópnum átt frumkvæði að auknu norrænu samstarfi, sem veitir aukna þekkingu á vandanum.

Á þessari stundu hefur þó ekki verið hafið eiginlegt rannsóknasamstarf í Norrænu ráðherranefndinni eða norrænu stofnunum um súrnun sjávar, vistkerfi og mögulegar afleiðingar súrnunar sjávar á afkomu íbúa strandbyggða Norðurlanda.

Karolina Skog

Formaður ráðherranefndarinnar um umhverfis- og loftslagsmál